

Bæjarskrifst. Garðabæjar	
Mótt.dags:	03.10.2016
Málafylli:	0933
Mál nr.	1606034



Garðabær
Gunnar Einarsson, bæjarstjóri
Garðatorgi 7
210 GARÐABÆ

Selfoss, 30. september 2016
Tilvísun: 2016090040
SGB/

Efni: Hafnarfjarðarvegur-Vífilsstaðavegur - breikkun plangatnamóta. - Umsókn um framkvæmdaleyfi

Vegagerðin, sækir hér með um framkvæmdaleyfi vegna breikkunar á plangatnamótum Hafnarfjarðarvegar og Vífilsstaðavegar. Um er að ræða bráðabirgðaaðgerð til að auka afköst vegamótanna þar til ráðist verður í mislæg vegamót á þessum stað.

Sett verða 4-fasa umferðarljós sem eykur öryggi umferðar í gatnamótunum. Til að greiða fyrir umferð eftir Hafnarfjarðarvegi verður akreinum þar fjölgað í þrjár í hvora átt yfir gatnamótin. Með því móti er hægt að gefa umferð af Vífilsstaðavegi meiri tíma á ljósunum. Afköst verða einnig aukin með því að tvær akreinar verða fyrir umferð af Hafnarfjarðarvegi til austurs inn í Garðabæ. Tvær akreinar verða einnig fyrir umferð af Vífilsstaðavegi inn á Hafnarfjarðarveg til norðurs og suðurs. Vinstri beygju af Hafnarfjarðarvegi inn í Goðatún verður lokað. Umferðarljósum verður breytt í 4-fasa ljós þar sem vinstri beygjur af Hafnarfjarðarvegi og Vífilsstaðavegi verða á grænu ljósi. Umferðaröryggi á gatnamótunum eykst mikið við það.

Meðfylgjandi er yfirlitsmynd sem sýnir áhrifasvæði framkvæmdar þ.e. hvar breikkun á sér stað út fyrir núverandi veg. Einnig fylgir með yfirlitsmynd sem sýnir akreinar eftir breytingar.

Verið er að hefja vinnu við verkhönnun og gerð útboðsgagna og miðað við að hægt verði að bjóða út framkvæmdir í febrúar 2017 og að framkvæmdum ljúki í lok sumars. Byggt er á frumdrögum sem unnin voru í samráði við Garðabæ á árunum 2008-2010.

Virðingarfyllst,

Svanur Bjarnason
Svanur G Bjarnason
Svæðisstjóri Suðursvæðis

